

Fundargerð

Stjórnarfundar Félagsbústaða nr. 15/2019 haldinn fimmtudaginn
28. mars 2019 kl. 16:00 í fundarsal FB að Hallveigarstíg 1

Fundarmenn: Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, og Sigrún Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð 14/2019 samþykkt og undirrituð.
2. Ráðning framkvæmdastjóra. Sigrún Árnadóttir vék af fundi undir þessum lið. Sverrir Briem ráðgjafi hjá Hagvangi mætti til fundarins. Hann gerði grein fyrir skipulagi ferlisins vegna ráðningar framkvæmdastjóra og lagði fram skýrslu um úrvinnslu þess og niðurstöðu. Í framhaldinu ákvað stjórn einróma að bjóða Sigrúnu Árnadóttur starfið.
3. Stofnframlög: Yfirlýsing vegna umboðs til undirritunar Stjórn undirritaði staðfestingu vegna umboðs til handa Kristínar Guðmundsdóttur, fjármálastjóra til undirritunar samninga vegna fasteignaviðskipta.
4. Skuldabréfaútboð: umsókn um VS-bankareikning Stjórn undirritaði umsókn vegna stofnunar VS-reiknings í Íslandsbanka.
5. Önnur mál
 - a) Formaður gerði grein fyrir fundi sínum og framkvæmdastjóra með borgarstjóra sem haldinn var í vikunni og er liður í reglubundnum upplýsingafundum.
 - b) Einnig gerði formaður grein fyrir fundi sem hann og framkvæmdastjóri áttu með fjármálasviði borgarinnar um fjármál Félagsbústaða og um mögulegan þjónustusamning um sér fær þjónustu fjármálasviðs við Félagsbústaði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:15

Haraldur Flosi Tryggvason

Heiða Björg Hilmisdóttir

Laufey Ólafsdóttir

Sigrún Árnadóttir